

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur að undanfögnu starfað við næsta óvenjulegar aðstæður. Aðeins eru liðnar um það bil tvær vikur síðan nefndin fékk fjárlagafrumvarp fyrir árið 1980 formlega til meðferðar.

Nefndin hefur þó settið að störfum og haldið samtals 56 fundi frá því að þing kom saman í byrjun árs. Á haustdögum, áður en þing kom saman, ræddi þáverandi fjárveitinganefnd við fulltrúa tæplega 60 sveitarfélaga. Sparaði þetta nefndinni mikla vinnu nú, er svo óvenjulega skammur tími er til stefnu til afgreiðslu fjárlaga, enda fjórðungur fjárlagaársins þegar liðinn.

Að venju flytur nefndin allmargar breytingartillögur við einstaka liði frumvarpsins. Að þeim standa allir nefndarmenn, nema hvað þrír fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, þeir Lárus Jónsson, Friðrik Sophusson og Guðmundur Karlsson, hafa ekki tekið afstöðu til þeirra breytingartillagna um tilfærslur milli einstakra liða, sem tilgreindar eru á þingskjali 229. Þær tillögur flytja undirritaðir nefndarmenn, og horfa þær til þess að auka nokkuð fjármagn til einstakra framkvæmdaliða, svo sem byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Enda þótt hækkun þeirra liða fylgi nokkurn veginn verðhækkunum milli ára, fer því þó víðs fjarri að unnt hafi verið að fullnægja þeim óskum sem fyrir liggja um auknar fjárveitingar. Einn nefndarmanna, Eiður Guðnason, flytur sérstakar breytingartillögur við frumvarpið sem eru prentaðar á þingskjali 230 og gerð er sérstök grein fyrir í fylgiskjali með þessu nefndarálit.

Jafnframt er birt sem fylgiskjal yfirlit yfir lækkun fjárveitinga í fjárlögum ársins 1979 skv. heimild í 6. gr. fjárlaga 1979.

Nú við 2. umræðu fjárlaga hefur fjárveitinganefnd gert tillögur um skiptingu fjármagns til allra framkvæmdaliða að undanskildum flugmálum og nokkrum smærri liðum. Þá biður og umfjöllun B-hluta fyrirtækja og 6. greinar frumvarpsins þriðju umræðu.

Verður nú gerð nánari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

00 Æðsta stjórn ríkisins.

- 201 Hús Jóns Sigurðssonar: Liðurinn hækki um 8 000 þús. kr. og verði 26 500 þús. kr. vegna lagfæringa á húsinu.

02 Menntamálaráðuneyti.

- 231 Náttúrufræðistofnun Íslands: Liðurinn „sértekjur 3 000 þús. kr.“ er felldur niður, enda selur stofnunin enga þjónustu.
- 303 Menntaskólinn á Laugarvatni: Gjaldfærður stofnkostnaðar hækki um 4 000 þús. kr. og verði 12 000 þús. kr.
- 322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 3 600 þús. kr. og verði 12 000 þús. kr.
- 351 Fjölbautaskólinn í Breiðholti: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 58 800 þús. kr. og verði 200 000 þús. kr.
- 354 Fjölbautaskólinn á Akranesi: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 8 000 þús. kr. og verði 40 000 þús. kr.
- 355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 7 500 þús. kr. og verði 10 000 þús. kr.

- 357 Framhaldsskóli á Selfossi: Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða með stofnkostnaðarframlagi 5 000 þús. kr.
- 553 Hússtjórnarskólar: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 10 000 þús. kr. vegna Húsmæðraskólans á Laugarvatni.
- 563 Tónlistarfræðsla: Liðurinn hækki um 8 500 þús. kr. sem er stofnkostnaðarframlag til einstakra skóla, sbr. sérstakt yfirlit í breytingartillögum nefndarinnar. Ekki var áætlað fyrir þessum lið í fjárlagafrumvarpi.
- 621 Skálholtsskóli: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr. og verði 7 000 þús. kr.
- 792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Liðurinn hækki um 287 000 þús. kr. og verði 2 778 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í breytingartillögum nefndarinnar.
- 797 Stofnanir afbrigðilegra barna: Laun hækki um 1 500 þús. kr. vegna launa sérfræðings í hálfu stöðugildi hálf t.árið 1980 við Öskjuhlíðarskóla og í Kjarvalshúsi.
- 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Liðurinn hækki um 50 000 þús. kr. og verði 550 040 þús. kr. Skipting á einstakar framkvæmdir er sýnd í breytingartillögum nefndarinnar.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög: Liðurinn Menntastofnun Bandaríkjana á Íslandi hækki um 400 þús. kr. og verði 1 000 þús. kr. — Liðnum Styrkir til útgáfustarfa mun skipt af fjárveitinganefnd.
- 885 Fullorðinsfræðsla: Nýr liður, félagsmálanámskeið 2 000 þús. kr.
- 902 Þjóðminjasafn Íslands: Liðurinn til sveitarfélaga hækki um 17 550 þús. kr. og verði 38 000 þús. kr. Lið þessum hefur verið skipt af nefndinni í samráði við þjóðminjavörð. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr. vegna endurbóta á safnhúsinu og verði 24 000 þús. kr. alls.
- 906 Listasafn Einarssonar: Laun hækka um 3 000 þús. kr. vegna ráðningar listfræðings að safninu.
- 931 Náttúruverndarráð: Sértekjur lækka um 21 000 þús. kr. og verða 5 000 þús. kr.
- 976 Menningarsjóður, framlag: Framlag til Menningarsjóðs í B-hluta hækki um 5 000 þús. kr. og verði 50 000 þús. kr. Hér er tekið mið af útgáfukostnaði Kortabókar Íslands.
- 982 Listir, framlög: Liðurinn hækki samtals um 15 800 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Bandalag íslenskra leikfélaga 800 þús. kr. Nýtt viðfangsefni: Önnur leiklistarstarfsemi og leiklistarráð 10 000 þús. kr. Myndlistarskólar, styrkir 5 000 þús. kr.
- 984 Norræn samvinna: Liðurinn Norræna félagið hækki um 1 000 þús. kr. og verði 2 000 þús. kr.
- 986 Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækki um 10 000 þús. kr. — Bygging íþróttamannvirkja hækki um 75 000 þús. kr. og verði 497 640 þús. kr. Sundurliðun er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.
- 987 Viðeyjarstofa, endurbætur: Heiti liðarins breytist og verði Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur, liðurinn hækki um 3 000 þús. kr. vegna Nessstofu og nemi í heild 8 000 þús. kr.
- 988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 20 020 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins hækki um 3 000 þús. kr. Æskulýðssamband Íslands hækki um 1 000 þús. kr. Ungmennafélag Íslands hækki um 10 800 þús. kr. Bandalag íslenskra skáta hækki um 2 400 þús. kr. Bandalag ísl. skáta vegna Úlfjótsvatns hækki um 600 þús. kr. Bandalag ísl. farfugla hækki um 80 þús. kr. Íslenskir ungentemplarar hækki um 880 þús. kr. Nafnbreyting verði á viðfangsefni 0117 og verði: Landssamband KFUM og KFUK 2 100 þús. kr., sem er 600 þús. kr. hækkun á liðnum með fyrra heiti. KFUM, starfsemi í Vatnaskógi hækki um 360 þús. kr. KFUK, starfsemi í Vindáshlíð hækki um 300 þús. kr.

- 999 Ýmislegt. Liðurinn hækki alls um 33 990 þús. kr. Þar af um 4 000 þús. kr. vegna nýs liðar: Hljóðbókasafn, og um 1 500 þús. kr. vegna nýs liðar: Cornell-háskólinn í Bandaríkjunum, til íslenskukennslu. Liðurinn 0225 breytir um nafn og verður Nemendaskipti 500 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um aðrar hækkanir. Viðfangsefnið Ýmis framlög eru styrkir sem fjárveitinganefnd og menntamálaráðuneyti veita til einstaklinga og samtaka.

03 Utanríkisráðuneyti.

- 101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Laun hækki um 4 000 þús. kr. vegna launa sérfræðings við rannsóknir á landgrunninu norður af Íslandi.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

- 201 Búnaðarfélag Íslands: Laun hækki um 2 000 þús. kr. vegna launa ráðunautar í hálfu stöðugildi hálf t árið 1980 við alifugla- og svínarækt.
- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Laun hækki um 2 000 þús. kr. vegna launa rannsóknamanns í hálfu stöðugildi hálf t árið 1980 við ylraekt og garðraekt.
- 241 Landnám ríkisins: Framlag til fyrirtækja í B-hluta, þ. e. grænófóðurverksmiðja, 40 000 þús. kr. verði tekið upp sem nýr liður.
- 243 Sauðfjárveikivarnir: Viðhald hækki um 8 000 þús. kr. vegna viðgerða á sauðfjárveikivarnagirðingum.
- 271 Landgræðslusjóður: Framlag hækki um 7 800 þús. kr.
- 286 Landbúnaður, framlög: Liðurinn Fyrirhleðslur hækki um 25 000 þús. kr. og liðurinn Landþurrkun hækki um 5 000 þús. kr. Liðirnir skiptast eins og sýnt er í sérstökum yfirlitum í breytingartillögum.
- 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Liðurinn Gróðurvernd í Búáhrauni hækki um 80 þús. kr. og verði 100 þús. kr. Liðurinn Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöð, hækki um 3 000 þús. kr. og verði 6 000 þús. kr. Liðurinn Landvernd, félagssamtök hækki um 500 þús. kr. og verði 1 700 þús. kr. Nefndin leggur til að veitt verði framlag til nýs liðar: Ár trésins 3 000 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

- 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins: Sértekjur lækki um 16 000 þús. kr. og verði 30 000 þús. kr. Hér er um leiðréttingu að ræða. Önnur rekstrargjöld hækki um 1 800 þús. kr. vegna húsaleigu fyrir rannsóknastofu í Vestmannaeyjum, sem ekki hefur verið áætlað fyrir áður.
- 215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða: Laun hækki um 6 500 þús. kr. vegna launa sérfræðings um lagmeti. Önnur rekstrargjöld hækki um 1 500 þús. kr.
- 901 Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 15 000 þús. kr., þar af 3 000 þús. kr. vegna kaupa á ljósritunarvél hjá yfirstjórn og 12 000 þús. kr. vegna kaupa á fólks- og vöruflytningabifreið hjá samrekstri á Keldnaholti.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

- 230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði: Laun hækki um 2 400 þús. kr. hjá yfirstjórn vegna ráðningar löglærðs fulltrúa við embættið á miðju ári.
- 242 Vinnuhælið Litla-Hrauni: Laun hækki um 15 200 þús. kr. vegna fjölgunar á fangavörðum um fjögur stöðugildi á árinu vegna tilkomu einangrunardeildar við stofnunina.
- 254 Siómælingar Íslands: Önnur rekstrargjöld hækki um 3 000 þús. kr. vegna prentunar á fiskikortum.
- 301 Þióðkirkjan: Liðurinn Sumarbúðir hækki um 1 000 þús. kr. Liðurinn Hjálparstofnun kirkjunnar hækki um 150 þús. kr. Liðurinn Dómprófastsembættið í

Reykjavík hækki um 300 þús. kr. vegna skrifstofukostnaðar. Nýr liður: 0202 Tónskóli Þjóðkirkjunnar 3 000 þús. kr. Liðurinn Byggingar á prestssetrum hækki um 6 000 þús. kr. Heiti viðfangsefnis 0306 er breytt, en þar er um leiðréttingu að ræða.

07 Félagsmálaráðuneyti.

- 0101 Aðalskrifstofa: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 12 000 þús. kr. Er þar um stofnbúnað á skrifstofu að ræða.
- 271 Húsnæðismálastofnun ríkisins: Liðurinn Heilsuspillandi húsnæði hækki um 35 000 þús. kr. og verði 50 300 þús. kr.
- 372 Landakaup kaupstaða og kauptúna: Liðurinn hækki um 8 000 þús. kr., verði 10 000 þús. kr. og verði í samræmi við lög nr. 35/1973.
- 399 Vatnsveitur: Liðurinn hækki um 20 000 þús. kr. og verði 105 000 þús. kr.
- 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra: Liðurinn hækki um 40 000 þús. kr. og verði 1 060 000 þús. kr.
- 981 Vinnumál: Upp verði tekið nýtt viðfangsefni: Þátttaka í starfi ILO 2 000 þús. kr.
- 999 Ýmis framlög: Liðurinn hækki alls um 50 350 þús. kr. Upp verði tekið nýtt viðfangsefni: Aðstoð við þroskahefta 20 000 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar hækkunar á framlögum.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

- 319 Matvælarannsóknir ríkisins: Laun hækki um 15 000 þús. kr. vegna fjölgunar um tvö og hálf stöðugildi við stofnunina. Önnur rekstrargjöld hækki um 10 000 þús. kr. vegna aukningar á húsnæði.
- 322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins: Laun hækki um 5 037 þús. kr. vegna fjölgunar um einn ritara. Önnur rekstrargjöld hækki um 14 963 þús. kr.
- 324 Heyrnar- og talmeinaþjóf Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 10 000 þús. kr. vegna kaupa á stofnbúnaði fyrir stofnunina í nýju húsnæði.
- 371 Landspítalinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 200 000 þús. kr. og verði 993 700 þús. kr. Skipting á einstaka liði er sýnd í breytingartillögum nefndarinnar.
- 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa hækki um 880 000 þús. kr. og verði 3 080 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar. DAS — Hrafnista, Hafnarfirði hækki um 25 000 þús. kr. Upp verði tekinn nýr liður: Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi 15 000 þús. kr.
- 399 Ýmis heilbrigðismál: Liðurinn hækki alls um 69 500 þús. kr. Hjartavernd hækki um 10 000 þús. kr. Krabbameinsfélag Íslands hækki um 22 500 þús. kr. Kostnaður skv. farsóttu- og sóttvarnarlögum og lögum um ónæmissaðgerðir hækki um 25 000 þús. kr. Sjúkraflug hækki um 7 000 þús. kr. og verði 19 000 þús. kr. Lið þessum verður skipt af fjárveitinganefnd. Nýr liður: Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar lækni 3 000 þús. kr. Liður þessi var í fjárlögum 1979, en féll niður við gerð fjárlagafrumvarps 1980. Rannsóknir á útbreiðslu atvinnusjúkdóma hækki um 2 000 þús. kr. og er þar hugsað sérstaklega til rannsókna á heymæði.
- 471 Gæsluvistarsjóður, framlag: Bláa bandið hækki um 500 þús. kr. Vernd, félagsamtök hækki um 500 þús. kr. Samtök áhugamanna um áfengisbólið hækki um 2 000 þús. kr.
- 481 Bindindisstarfsemi: Stórstúka Íslands hækki um 1 800 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneyti.

- 381 Uppbætur á lífeyri: Liðurinn hækki um 5 000 þús. kr.
- 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn: Liðurinn hækki um 11 868 þús. kr.
- 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur: Liðurinn hækki um 6 957 þús. kr.

10 Samgönguráðuneyti.

- 211 Vegagerð ríkisins: Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 2 500 þús. kr. og verði 8 500 þús. kr. Lið þessum skiptir fjárveitinganefnd til aðila sem stuðla að byggð og gistingu í dreifbýli.
- 331 Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa: Nýr liður verði tekinn upp: Til fyrirtækja í B-hluta 40 000 þús. kr. Hér er um að ræða áhaldahús Vitamálastjórnar og endurbætur og úrbætur á aðstöðu fyrir starfsfólk.
- 333 Hafnarmál: Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 275 700 þús. kr. Ferjubryggjur hækki um 3 000 þús. kr. Sjóvarnargarðar lækki um 7 000 þús. kr. Sérstök yfirlit í breytingartillögum nefndarinnar sýna skiptingu á þessum liðum.
- 471 Flugmálastjórn: Liðurinn hækki um 3 000 þús. kr. Hér er um að ræða framlög til áhugamannafélaga á sviði flugmála. Nefndin mælir með því, að Flugsögufélag Íslands fái 2 000 þús. kr. af þessum lið.
- 485 Ýmis framlög: Flugbjörgunarsveitir hækki um 900 þús. kr.
- 652 Veðurstofa Íslands: Liðurinn Hafisrannsóknir hækki um 2 400 þús. kr. vegna ráðningar hafisrannsóknamanns í tveimur þriðju stöðugildis á miðju ári.

11 Iðnaðarráðuneyti.

- 299 Iðja og iðnaður, framlög: Liðurinn Orkusparnaður hækki um 10 000 þús. kr. og verði 40 000 þús. kr. Nefndin ætlast til að 7 000 þús. kr. verði varið til rannsókna og tilrauna á nýtingu vindorku til húshitunar í Grimsey og 3 000 þús. kr. verði varið til rannsókna á framleiðslu eldsneytis úr innlendum orkulindum. Liður 0121 hækki um 2 500 þús. kr. og verði 8 500 þús. kr. Jafnframt breytist heiti liðarins og verði Byggingaþjónustan.

12 Viðskiptaráðuneyti.

- 902 Verðlagsstofnun: Laun hækki um 24 762 þús. kr. vegna fjölgunar starfsmanna um þrjú og hálf stöðugildi auk hækkunar annarra launa. Önnur rekstrar-gjöld hækki um 5 238 þús. kr.

Alþingi, 25. mars 1980.

Eiður Guðnason,
form., frsm.,
með fyrirvara.

Þórarinn Sigurjónsson,
fundaskr.

Alexander Stefánsson.

Geir Gunnarsson.

Friðjón Þórðarson.

Guðmundur Bjarnason.

Fylgiskjal A.

Lækkun fjárveitinga í fjárlögum ársins 1979.

Menntamálaráðuneyti.

	þús. kr.	þús. kr.
02-319 Menntaskólar, almennt	19.0	
02-351 Fjölbrautask. í Breiðholti	10.0	
02-516 Iðnskólar, almennt		
Reykjavík	10.0	
Ísafjörður	3.0	
Akureyri	5.0	
Neskaupstaður	4.0	
Vestmannaeyjar	2.0	
Hafnarfjörður	4.0	
Akranes	2.1	
	<hr/>	30.1

		Þús. kr.
02-553	Hússtjórnarskólar:	
	Blönduós	0.388
	Langamýri	0.095
	Akureyri	1.067
	Laugar	0.957
		2 507
02-562	Leiklistarskólinn	1.5
02-563	Tónlistarfræðsla, byggingarstyrkur	5.7
02-581	Verslunarskólar	5.0
02-582	Stýrimannask. í Vestmannaeyjum	1.0
02-792	Byggingar grunnskóla	50.0
02-793	Bygging skóla fyrir þroskaheft börn	5.2
	Menntamálaráðuneyti, samtals	130.0
	Utanríkisráðuneyti.	
03-401-0134	Alþjóðaframfarastofnunin	20.0
	Sjávarútvegsráðuneyti.	
05-299-0110	Verðuppbætur á línufisk	30.0
05-202-3003	Hafþór	35.0
	Sjávarútvegsráðuneyti, samtals	65.0
	Dómsmálaráðuneyti.	
06-283	Fangamál, ýmis kostnaður	10.0
	Heilbrigðisráðuneyti	
08-371	Landspítalinn, stofnkostnaður	40.0
08-381-0301	Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar	
	Ólafsvík	9.1
	Patreksfjörður	10.9
	Ísafjörður	10.0
	Hvammstangi	10.0
	Blönduós	10.0
	Dalvík	20.0
	Neskaupstaður	20.0
	Selfoss	20.0
	Keflavík	10.0
		120.0
	Heilbrigðisráðuneyti, samtals	160.0
	Fjármálaráðuneyti.	
Óviss útgjöld		80.0
	Samgönguráðuneyti.	
Ferðamálaráð		20.0
10-333-0103	Hafnamál	10.0
	Samgönguráðuneyti, samtals	30.0
	Iðnaðarráðuneyti.	
Námskeið í stjórn vinnuvéla		5.0
	Samtals lækkun:	500.0

Fylgiskjal B.

Yfirlit yfir breytingar á fjárlagafrumvarpi 1980 skv. tillögum Eids Guðnasonar.

	Frv. ríkisstj. þús. kr.	Breyting þús. kr.
Sparnaður og tekjuöflun:		
Byggðasjóður (÷20%)	2 635 000	527 000
Lánasj. isl. námsmanna (lækkun)	5 394 887	2 120 000
Jarðrækt (÷20%)	1 860 000	372 000
Framræsla (÷20%)	385 000	77 000
Útflutningsbætur (÷10%)	8 400 000	840 000
Hólaskóli (lækkun)	122 603	100 000
Niðurgreiðslur (lækkun)	24 400 000	3 400 000
Útgjöld skv. sérstökum heimildarlögum og öðrum lögum (lækkun)	550 000	300 000
Óviss útgjöld fjármálaráðuneytis (lækkun)	810 000	500 000
1% sparnaður í launum og öðrum rekstrargjöldum hins opinbera	117 011 000	1 130 000
Hækkun á hagnaði ÁTVR til samræmis við launahækkanir	24 000 000	2 000 000
Hækkun á tekjuskatti félaga	10 000 000	850 000
		<hr/>
		12 246 000

Tekjuskattslækkun og útgjöld vegna olústyrks og húsnæðismála:

Til lækkunar á tekjuskatti einstaklinga	38 200 000	7 200 000
Til jöfnunar á húshitunarkostnaði	0	4 000 000
Til félagslegra aðgerða í húsnæðismálum	0	1 000 000
		<hr/>
		12 000 000

Til lækkunar á skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands kr. 1 700 000
Greiðsluafgangur lækki sem þeirri upphæð nemur.

A t h u g a s e m d i r .

Tillögur fulltrúa Alþýðuflokksins til breytinga á fjárlagafrumvarpi ársins 1980 miðast við að tekjuskattur einstaklinga lækki um 7.2 milljarða til samræmis við fyrri tillögur Alþýðuflokks. Til jöfnunar á upphitunarkostnaði komi 4 milljarðar, en ekki er gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til þess verkefnis í fyrirliggjandi frumvarpi. Þá skal einum milljarði króna varið til félagslegra aðgerða á sviði húsnæðis- og dagvistarmála.

Til að mæta þessum útgjöldum, án þess að til nýrrar skattlagningar á einstaklinga komi, er miðað við, að framlög til Byggðasjóðs, jarðræktar og framræslu skerðist til samræmis við lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur lækki til samræmis við það, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar Alþýðuflokksins, og framlag til Lánasjóðs isl. námsmanna hækki milli ára aðeins sem nemur þeim verðlagsbreytingum, er ráð er fyrir gert í fjárlagafrumvarpi (46.5%). Útgjöld vegna Hólaskóla eru lækkuð þar sem þar fer nú

engin kennsla fram. Þá eru óviss útgjöld fjármálaráðuneytis og útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum lækkuð nokkuð.

Hagnaður ÁTVR er hækkaður til jafns við ráðgerðar launahækkanir fjárlaga-frumvarps. Tekjuskattur félaga er hækkaður til samræmis við áætlun fjárlaga-frumvarps Alþýðuflokks, og gert er ráð fyrir sparnaði í launum og rekstrargjöldum ríkisins er nemi 1% eða 1 130 milljónum króna.

Eiður Guðnason.